

Fundargerð 130. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, föstudaginn 4. desember kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólaganga fósturbarna - 2010032SA

Sameiginleg umræða fræðslumála- og félagsþjónustunefnda sambandsins um bætt verklag og samtal kerfa þegar kemur að skólagöngu fósturbarna í tímabundnu og varanlegu fóstri vegna skólagöngu, sérfræðiþjónustu og fjármögnun m.a. Reglugerð frá 2012 um skólagöngu fósturbarna fækkaði til muna álitæfnum ásamt stöðlum um vistun og fóstur sem Barnaverndarstofa gaf út 2011. Til umræðu kom hvort gera þyrfti lagabreytingu í því skyni að tryggja viðtakandi lögheimilissveitarfélagi ákveðinn aðlögunartíma þegar barni, sem færast úr tímabundnu fóstri yfir í varanlegt, fylgir viðbótarkostnaður sem fjárhagsáætlanir gera ekki ráð fyrir. Á þetta fyrst og fremst við um fámennari sveitarfélög.

Það er álit nefndanna að þrátt fyrir reglugerðina frá 2012 og staðla BVS er þörf á að bæta verklag við ákvörðun og breytingar á fósturvistun barns.

1. Samtal milli barnaverndar lögheimilissveitarfélags við skólaþjónustu vegna barns sem kemur í tímabundið fóstur þarf að eiga sér stað tímanlega til að tryggja viðunandi þjónustu í samræmi við þarfir barns, þ.m.t. mönnun.

2. Samtal milli barnaverndar og viðtakandi lögheimilissveitarfélags þegar breyting verður á fósturvistun barns úr tímabundnu yfir í varanlegt þarf að hafa lengri aðdraganda ef kostur er svo unnt sé að tryggja fjármögnun sérhæfðrar þjónustu og varanlega mönnun þar sem hennar er þörf.

2. Menntastefna til 2030 - 2009080SA

Menntamálaráðherra hefur mælt fyrir þingsályktunartillögu að nýrri menntastefnu til 2030 og sambandið vinnur að umsögn um hana. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra kom til fundar við fræðslumálanefnd til samtals um inntak stefnunnar, framkvæmd, innleiðingu og aðkomu sambandsins þar að. Menntamálaráðherra fór yfir helstu atriði nýrrar menntastefnu og lagði

ríka áherslu á mikilvægi samtalsins við sveitarstjórnarstigið, því leik- og grunnskólastigið legði grunn að farsælli framtíð. Fram kom í máli ráðherra að margt það sem stefnan ávarpar væri komið í farveg og sumt vel á veg í góðu samstarfi við sambandið og fleiri aðila.

Nefndin þakkaði ráðherra góða yfirferð og kynningu og lagði ríka áherslu á aðkomu sambandsins við undirbúning innleiðingar, gerð aðgerðaáætlunar og forgangsröðunar aðgerða en síðast en ekki síst að fjármögnun þeirra yrði tryggð. Ráðherra tók heilshugar undir mikilvægi samstarfs við sambandið og sveitarfélögin og varðandi fjármögnun vísaði hún til endurskoðunar fjármálaáætlunar sem rúma ætti þá fjármuni.

Nefndin lagði áherslu á að nemendur með íslensku sem annað tungumál yrðu ávarpaðir með skýrari hætti í stefnunni, einnig framhald þjóðaráttaks um læsi og að haft yrði samráð við nemendur jafnframt við útfærslu hennar.

Sambandið lýkur við gerð umsagnar að loknum fundi, tekur mið af þeim athugasemdum sem fram komu hjá nefndarmönnum og sendir frá sér í síðasta lagi 11. desember nk.

3. Hæfniviðmið kennara og stjórnenda - 2009070SA

Undirhópar kennararáðs vinna nú að almennum og sérhæfðum hæfniviðmiðum fyrir kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum á grundvelli nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu. Karl Frímannsson, fræðslustjóri á Akureyri sat þennan fundarlið. Drög að viðmiðum voru kynnt og óskað álits nefndarinnar. Fulltrúar sambandsins í hvorum hópi fyrir sig, Karl og Svandís, gerðu grein fyrir stöðu vinnunnar og fyrirhugaðri samhæfingarvinnu þeirra við lokafrágang. Fram kom að almenn hæfniviðmið fyrir kennara og stjórnendur byggja á hæfniramma alþjóðlegra kennarasamtaka og UNESCO. Drögin verða lögð fyrir kennararáðsfund í næstu viku til umfjöllunar.

Nefndarmenn gerðu góðan róm að þeim drögum sem kynnt voru, töldu starfið komið vel á veg og óskuðu eftir að fá að fylgjast með frekari framgangi þess.

4. Litaviðvörðunarkerfi vegna skóla- og frístundastarfs 2021 - 2009073SA

Menntamálaráðherra hefur kynnt litaflokkað viðvörðunarkerfi fyrir skóla- og frístundastarf í samræmi við tillögu almannavarna og landlæknisembættisins sem ríkisstjórnin samþykkti 4. desember sl. um litakóðun í samræmi við viðbúnaðarstig almannavarna. Fram kom að kerfinu er ætlað að taka gildi um áramót, um leið og ný reglugerð um takmarkanir á skólastarfi, en fram til 15. desember hafa hagsmunaaðilar tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum.

5. Námsleyfi 2021-2022 - 2009153NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, greindi frá úthlutun sjóðsins vegna skólaársins 2021-2022 og því að nöfn námsleyfishafa verða birt í næstu viku. Fram kom að umsóknum hefði fækkað frá fyrra ári og því unnt að veita hlutfallslega fleirum námsleyfi. Ekki væru tiltækar skýringar á þessari fækkun.

Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2021-2022 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 136 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 50 námsleyfi.

Aðeins var hægt að verða við um 37% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni var vegna náms sem tengist kennslu í skýjunum, vellíðan nemenda og foreldrasamvinnu og teymiskennslu og samþættingu námsgreina. Nöfn námsleyfishafa verða birt á vefsíðu Námsleyfasjóðs um miðjan desember nk.

Fundi var slitið kl. 14:15

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir